

Kirkjuþing 2017.
13. mál – þskj. 13

Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna
hvort breyta skuli heiti og hlutverki kjörbréfanefndar kirkjuþings
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni
Frsm. Steindór R. Haraldsson

Kirkjuþing 2017 samþykkir að skipa þriggja manna nefnd til að kanna og gera tillögur um hvort breyta skuli heiti og hlutverki kjörbréfanefndar, sbr. 1. lið 10. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009. Tilgangur breytingarinnar er sá að skerpt verði á eftirlitshlutverki kirkjuþings gagnvart stjórnslu og starfsemi stofnana kirkjunnar og öðru er varðar yfirstjórn kirkjunnar.

Nefndin skili kirkjuþingi tillögum sínum fyrir kirkjuþing 2018.

Greinargerð

Hér er lagt til að kirkjuþing skipi þriggja manna nefnd til að kanna hvort rétt sé að skerpa á eftirlitshlutverki kirkjuþings með því að fela kjörbréfanefnd aukið hlutverk sem þar af leiðandi fæli þá í sér breytingu á heiti nefndarinnar. Nefnd þessara þriggja manna skal fjalla um hvort fela ætti slíkri fastanefnd að fylgjast með meðferð og lyktum mála sem kirkjuþing samþykkir. Þá gæti slík fastanefnd haft heimild til að fylgjast með og taka til athugunar mál er lúta að stjórnslu kirkjunnar og önnur mál er varða yfirstjórn kirkjunnar. Áfram er gert ráð fyrir að nefnd þessi fari með hlutverk nügildandi kjörbréfanefndar.

Flutningsmaður telur að í nútíma stjórnslu sé eðlilegt að skerpt sé á því að kirkjuþing hafi eftirlit með stjórnslu stofnana kirkjunnar. Hlutverk nefndarinnar yrði því meðal annars að fjalla um meðferð og lyktir mála sem kirkjuþing samþykkir og fylgjast með stjórnslu kirkjunnar, reglum um ýmis kjör og kosningar innan kirkjunnar og öðrum málum er varða yfirstjórn kirkjunnar. Einnig yrði fastanefndinni heimilt að hafa frumkvæði að því að kanna hvort ákvarðanir þær sem kirkjuráð hefur tekið séu í samræmi við samþykktir kirkjuþings. Nefndinni væri enn fremur heimilt að fjalla um skýrslur sem berast kirkjuþingi um málefni kirkjunnar og hún hefði jafnframt rétt til leggja mat á og gera tillögu til kirkjuþings um hvort einstakt mál innan kirkjunnar sé þess eðlis að rétt sé að skipa sérstaka nefnd til að rannsaka það. Nefndum þingsins mun ekki fjölga.

Fyrirmynd að þessari nefnd er að nokkru leyti sótt til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis en sú nefnd var sett á laggirnar til að styrkja störf nefnda Alþingis og þar með faglega umfjöllun þingsins um þingmál, svo og til að efla eftirlitshlutverk þingsins og styrkja stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.